

---

## Gönguskarðsárvirkjun (1,8 MW) við Sauðárkrók, sveitarfélaginu Skagafirði

### Ákvörðun um matsskyldu

---

#### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að endurbygging Gönguskarðsárvirkjunar við Sauðárkrók sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012, leyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Gönguskarðsá ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisaðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. júlí 2015.

## INNGANGUR

Þann 24. apríl 2015 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Verkís hf. fyrir hönd Gönguskarðsárvirkjunar ehf. um fyrirhugaða uppbyggingu Gönguskarðsárvirkjunar (1,8 MW) við Sauðárkrók samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lið 3.22 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Skagafirði með bréfi dags. 15. maí 2015, Fiskistofu með bréfi dags. 19. maí 2015, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra með bréfi dags. 15. maí 2015, Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 13. maí 2015, Orkustofnun með bréfi dags. 30. apríl 2015, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. maí 2015 og Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 15. maí 2015. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 18. maí og 26. maí 2015.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fram kemur að Gönguskarðsvirkjun sé rennslisvirkjun þar sem miðlunarrými ofan stíflu sé hverfandi. Mögulega verði hægt að keyra virkjunina í um klukkustund með því vatni sem hægt er að safna ofan stíflu, eða um 10.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að orkuframleiðslan geti orðið 10 GWh á ári en afl véla verður 1,8 MW. Meðalrennsli árinna er 7 m<sup>3</sup>/sek, en dæmigert rennsli 3- 5 m<sup>3</sup>/sek

Fram kemur að framkvæmdin felist í að endurbyggja Gönguskarðsárvirkjun við Sauðárkrók. Núverandi stífla Gönguskarðsárvirkjunar sem byggð var árunum 1947-1949 verði nýtt áfram en stíflan er svokölluð þungastífla úr steinsteypu, um 70 m löng og mesta hæð er um 9 m. Í stíflunni er botnrás og stór hluti hennar eða 29 m er yfirfall. Framkvæma þarf steypuviðgerðir og lokubúnaði verður skipt út. Fram kemur að lögð verði ný aðrennslispípa frá stíflunni að nýju stöðvarhúsi, um 2 km leið meðfram Gönguskarðsánni sunnan megin. Pípan verður niðurgrafin alla leið, hún verður um 1.300 mm í þvermál og um 10-15 m breitt svæði í legu hennar mun raskast. Á efri helmingi leiðarinnar verður pípan nálægt stæði gömlu pípunnar, en á neðri helmingnum, um 1 km, verður pípan í nýju stæði meðfram ánni. Nýja pípan verður úr trefjaplásti. Gert er ráð fyrir jöfnunarþró nálægt stöð 1.250 m, talið frá stíflu, sem geti verið mest 16 m á hæð.

Fram kemur að nýtt stöðvarhús verði reist á syðri bakka árinna, um 2 km neðan stíflu og tæpan 1 km frá sjó. Lóð stöðvarhússins er skilgreind um 1.700 m<sup>2</sup> samkvæmt tillögu að deiliskipulagi. Stöðvarhúsið verður rúmlega 100 m<sup>2</sup> að grunnflatarmáli, mesta hæð hússins verður um 11 m frá yfirborði en gert er ráð fyrir að gólfkóti verði í 6,5 m y.s. Stöðvarhúsið verður steinsteyppt og ómálað, með einhalla stálklæddu þaki. Fram kemur að steyptur útrásarstokkur verði hluti af stöðvarhúsinu og í framhaldi af honum verði grafin rás út í farveg árinna. Vegur liggur upp með Gönguskarðsánni og á efri helmingi leiðar aðrennslispípunnar, sem mun verða nálægt stæði gömlu pípunnar, eru slóðar og slóðabútar sem liggja niður að bakka farvegjar. Gert er ráð fyrir að borin verði mól ofan í gömlu slóðana að stíflunni og pípuleiðinni en að slóðagerð á neðri helmingi leiðar aðrennslispípunnar verði í algjöru lágmarki þar sem pípulegan verður innan raskaðs svæðis þar sem malarnám og

mótorkrossbraut er núna staðsett. Aðkoma að nýju stöðvarhúsi verður um Skarðsveg sunnan megin að gömlu brúnni yfir Gönguskarðsá, sem tengist inn á Skarðsveg.

Fram kemur að fylling vegna aðrennslispípu sé áætluð um 9.500 m<sup>3</sup> og uppgröftur vegna aðrennslispípu og stöðvarhúss um 20.000 m<sup>3</sup>. Efni í vegi og slóða er áætlað um 2.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir að efni til fyllinga undir aðrennslispípu, í slóðagerð og í jöfnun lóðar undir stöðvarhús verði tekið úr námum á vegum Sveitafélagsins Skagafjarðar. Steinsteypa í stöðvarhúsbyggingu mun koma frá steypustöð á Sauðárkróki. Fram kemur að lagður verði um 150 m langur jarðstrengur frá stöðvarhúsi virkjunar í suður að streng sem Rarik á og tengt inn á hann þar. Að framkvæmdum loknum verða vinnuslóðar fjarlægðir og sáð í röskuð svæði, svo sem á geymslusvæði og meðfram aðrennslispípu þar sem það á við. Gengið verður frá umhverfi stöðvarhúss þannig að það falli vel að óhreyfðu landi.

Fram kemur að áætlanir geri ráð fyrir að framkvæmdir við endurbyggingu Gönguskarðsárvirkjunar hefjist sumarið 2015 og verið lokið haustið 2016 þannig að rekstur virkjunarinnar geti hafist haustið 2016.

Fram kemur að framkvæmdaraðilar hafi unnið að undirbúningi virkjunar í samráði við Sveitarfélagið Skagafjörð sem hyggst gera breytingu á aðalskipulagi sínu til að stöðvarhús virkjunarinnar falli innan skilgreinds iðnaðarsvæðis. Einnig sé verið að vinna að nýju deiliskipulagi fyrir Gönguskarðsárvirkjun ásamt umhverfismati áætlaða í samráði við sveitarfélagið. Matslýsing var kynnt fyrir Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hafin er kynning á tillögu að nýju deiliskipulagi ásamt umhverfisskýrslu aðalskipulagsbreytingar í samræmi við ákvæði skipulagslaga og reglugerða. Áhrifasvæði framkvæmdanna er fyrst og fremst talið vera áin sjálf niður fyrir útrennsli frá stöðvarhúsinu og syðri bakki árinna þar sem aðrennslispípan mun liggja og stöðvarhúsið rísa.

**Áhrif á jarðmyndanir.** Fram kemur að áhrif á jarðmyndanir eru metin óveruleg þar sem fyllingarefni mun koma úr áður samþykktum námum og pípa verður lögð nálægt eldra stæði í gljúfri. Í gljúfrinu neðan stíflu verði ný pípa lögð nálægt legu gömlu pípunnar og verður niðurgrafin nema á fyrstu 100 m. Þetta kallar á eitthvað brot klappar úr hlíðum gljúfursins.

**Áhrif á vatnafar.** Fram kemur að í þeirri tilhögun sem nú er fyrirhuguð kemur vatnið aftur út í árfarveginn um 1 km ofan strandar en í eldri tilhögun var það leitt til sjávar innan hafnarinnar. Engin miðlun vatns verður ofan stíflu. Ástand árinna milli stíflu og stöðvarhúss verður sambærilegt við það sem var á milli árána 1949 og 2007 en neðan stöðvarhúss mun verða fullt rennsli sem var ekki milli 1949 og 2007. Í venjulegu rennsli á oftast að vera vatn á yfirfalli og farvegurinn því ekki þurr niður að Hraksíðuánni, sem rennur út í Gönguskarðsána um 800 m neðan við stíflu. Samkvæmt upplýsingum frá Rarik hefur komið fyrir að áin hefur þornað alveg að vetri til en hægt er að tryggja ákveðið lágmarksrennsli um stíflu þegar vatn er til staðar. Gert er ráð fyrir að lágmarksrennsli verði um 10% af skilgreindu náttúrulegu lágmarksrennsli eins og það verður í langvinnum frostum eða þurrkum.

Fram kemur að áhrif endurbyggingar verði neikvæð í lágrennsli þar sem verulegrar skerðingar mun gæta í farvegi á um 2 km kafla en verður til bóta í flóðum sérstaklega ofan við gömlu brúna. Áhrif á vatnafar eru metin nokkuð neikvæð með tilliti til aðstæðna á síðustu árum, en óveruleg með tilliti ástands eins og það var fyrir árið 2007. Með því að tryggja lágmarksrennsli í farvegi neðan stíflu sem mótvægisáðgerð verði dregið úr vægi áhrifa.

**Áhrif á gróður.** Fram kemur að gróður á framkvæmdasvæðinu þar sem aðrennslispípan mun liggja telst meira og minna til raskaðra gróðurlenda með lítið verndargildi. Oftast fer pípan um malarsvæði, vegstæði eða eldri pípulögn. Ekki sé vitað til að búsvæði sjaldgæfra plantna skerðist. Í gróðurathugun sem tengdist lagningu Þverárfjallsvegjar fundust brönugrös sem teljast til sjaldgæfra tegunda. Þau fundust nú á sama stað og þá, í brekkum ofan árgils norðan megin en engin sunnan við á framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdir muni ekki raska ósnortnum gróðurlendum og að framkvæmdum loknum mun svæðið fljótt ná fyrri gróðurþekju og áhrif því væntanlega óveruleg og tímabundin.

**Áhrif á fugla.** Fram kemur að framkvæmdir við lagningu aðrennslispípu frá stíflu að stöðvarhúsi muni líklega hafa tímabundin áhrif á mófugla. Ef lágmarksrennsli verður áfram í ánni neðan stíflu og vegna vatns úr Hraksíðuá sem bætist við neðan ármóta þá ætti að vera nóg vatn til að geta staðið undir varpi straumanda og áhrif á straumönd eða aðra vatnafugla þar muni verða óveruleg.

**Áhrif á vatnalíf.** Fram kemur að seiðarannsókn sem framkvæmd var haustið 2014 á Gönguskarðsá leiddi í ljós að bæði bleikju- og urriðaseiði var að finna á þremur af fjórum rafveiðisvæðum, en eingöngu bleikja fannst á einu svæðanna. Þéttleiki bleikjunnar mældist talsvert meiri en urriða á tveimur stöðvum af þremur. Stök mæling á leiðni á neðstu stöð rafveiða árið 2014 benti til ágætrar frjósemi miðað við dragár almennt.

Fram kemur að á þeim tíma sem virkjun hefur ekki verið í rekstri í Gönguskarðsá hefur vatn runnið um botnrás stíflu sem væntanlega er illfiskgeng nema mögulega fyrir stóra fiska og við hækkað vatnsborð neðan stíflu. Fram kemur að búsvæði bleikju- og urriðaseiða í ánni munu skerðast frá því sem verið hefur allra síðustu ár en með því að tryggja ákveðið lágmarksrennsli er dregið verulega úr vægi áhrifanna. Áhrif á vatnalíf eru metin talsvert neikvæð en nokkuð neikvæð með tilliti til mótvægisaðgerða með lágmarksrennsli. Ef miðað er við ástand árinna eins og það var á meðan virkjun var enn í rekstri eru áhrif endurbyggingar virkjunar metin óveruleg.

**Náttúruvá.** Fram kemur að almennt séð séu litlar líkur á því að stíflur rofni en aldrei sé þó hægt að útiloka slíka atburði. Árið 1989 var stöðugleiki stíflunnar í Gönguskarðsá kannaður. Stöðugleikaútreikningar sýndu að engin hætta væri á hruni stíflu þó steypuviðgerða væri þörf. Stærsta þekkta flóð í Gönguskarðsá varð 1921, um 40 m<sup>3</sup>/s en stöðugleiki stíflu var reiknaður fyrir rúmlega 100 m<sup>3</sup>/s rennsli á yfirfalli í flóði. Lítil rýmd er í inntakslóni ofan stíflu og flóð vegna rofs myndi því ekki stækka mikið frá náttúrulegu flóði í ánni. Farvegur neðan stíflu er vel afmarkaður og engin byggð er nærri farveginum. Aðrennslispípa verður lögð á syðri bakka árinna og ef til rofs pípu kæmi ætti vatn að renna út í árfarveginn en ekki í átt til þéttbýlisins með tilheyrandi hættu á skriðufalli í háum bökkum ofan bæjarins. Áhrif vegna náttúruváru eru metin óveruleg.

**Áhrif á menningarminjar.** Fram kemur að áhrif á menningarminjar eru metin óveruleg en tryggja þarf að minjar á Hálssum verði ekki fyrir raski á framkvæmdatíma vegna umferðar. Engin verndarsvæði eru skilgreind í nágrenni fyrirhugaðra framkvæmda.

**Sjónræn áhrif.** Fram kemur að aðrennslispípan verði grafin ofan í árbakkann. Á efri helmingi leiðar frá stíflu að stöðvarhúsi verður hún nærri stæði eldri pípu en á neðri helmingnum fer hún að mestu leyti um mikið raskað svæði. Gengið verður frá svæðinu þannig að það falli að umhverfinu í kring. Koma megir stöðvarhúsi þannig fyrir að það falli vel að umhverfinu en neðan gömlu brúar er útsýni að öðrum iðnaði í nágrenninu og áhrif hússins eru því metin

óveruleg. Jöfnunarþróin mun sjást úr nokkurri fjarlægð. Þróin verður í útjaðri raskaðs svæðis og sjónræn áhrif eru metin nokkuð neikvæð.

**Áhrif á samfélag.** Fram kemur að á framkvæmdatíma verði um 20 manns að störfum þegar mest verður. Gert er ráð fyrir að þeir aðilar sem vinni að byggingu mannvirkja muni gista á Sauðárkróki og kaupa sér þjónustu þar. Alls er áætlað að framkvæmdirnar taki um 14 mánuði og að vinnan verði unnin af nokkrum teymum sem skiptast á verkþættina. Áhrif á samfélag eru metin nokkuð jákvæð en tímabundin á framkvæmdatíma þar sem aukin eftirspurn verður eftir vinnuafli og þjónustu, sem hefur lítil en þó jákvæð áhrif á íbúapróun og atvinnu- og efnahagslíf, en óveruleg áhrif á sveitarfélög, opinbera þjónustu og samgöngur. Á rekstrartíma merkjast óveruleg áhrif á íbúapróun, atvinnu- og efnahagslíf og samgöngur en áhrif á sveitarfélög og opinbera þjónustu eru metin nokkuð jákvæð vegna bættis afhendingaröryggis raforku á svæðinu.

**Áhrif á landnotkun.** Fram kemur að svæðið næst Gönguskarðsánni sunnan megin sé merkt sem óbyggt svæði á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags sveitarfélagsins Skagafjarðar en yfir stendur kynning á breytingu skipulagsins til að skilgreina svæði undir lóð fyrirhugaðs stöðvarhúss sem iðnaðarsvæði.

Fram kemur að aðrennslispípa virkjunar mun fara í gegnum svæði þar sem nú er fjárrétt og mun einnig fara í gegnum akstursíþróttasvæði, sem að hluta til er á skipulögðu efnistökusvæði og að hluta til á skilgreindu óbyggðu svæði. Samráð verði haft við þá sem standa að akstursíþróttasvæðinu um tíma framkvæmda og frágang að þeim loknum.

Fram kemur að verksmiðjan Steinull taki vatn úr ánni við kælingu á vélbúnaði. Heildarnotkun á köldu vatni árið 2013 var um 50.000 m<sup>3</sup>. Frárennslu endurbyggðrar virkjunar mun koma út í ána ofan við verksmiðju Steinullar og nýting vatns til virkjunar á því ekki að hafa áhrif vatnstöku verksmiðjunnar.

Fram kemur að ekki eru fyrirbyggjandi miklar upplýsingar um veiðar í Gönguskarðsá en í samtölum við staðkunnuga kom fram að aðallega hafa veiðst frekar smáar sjógöngubleikjur á neðri kafla árinna, neðan stíflu. Endurbygging virkjunar er því ekki talin hafa mikil áhrif á veiðihagsmunir í ánni. Fram kemur að aðilar, þar á meðal landeigendur hafa lýst yfir vilja og áætlunum um fiskrækt í Gönguskarðsá. Vísað er til skýrslu Laxfiska sem greinir frá því að fiskrækt hafi ekki verið stunduð í ám á Norðurlandi að neinu marki um langt skeið vegna þess að hún hefur ekki verið talin borga sig vegna lágs endurheimtuhlutfalls laxaseiða úr hafi. Áhrif endurbyggingar Gönguskarðsárvirkjunar á landnotkun eru talin verða óveruleg.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Fram kemur í umsögnum sveitarfélagsins Skagafjarðar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands það álit að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fiskistofu kemur fram að í tilkynningu framkvæmdaraðila sé fjallað um að áhrif framkvæmdar á lífríki árinna kunni að vera neikvæð en ekki séu miklir veiðihagsmunir í ánni, vatnsrennslu verði verulega takmarkað á 2 km kafla og búsvæði bleikju og urriðaseiða í ánni muni skerðast frá því sem nú er. Einnig komi fram í tilkynningu að það kunni að vera möguleikar til fiskræktar í ánni sem ekki hafi verið kannaðir til hlítar. Uppbygging á sportveiði í Gönguskarðsá kunni að fela í sér möguleika fyrir landeigendur og samfélagið á svæðinu.



Miðað við gefnar forsendur telur Fiskistofa að framkvæmdir vegna endurbyggingar Gönguskarðsárvirkjunar skuli undirgangast mat á umhverfisáhrifum þar sem sérstaklega yrðu könnuð áhrif framkvæmdarinnar á hugsanlega nýtingu veiðihlunninda í Gönguskarðsá.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að landeigendur á virkjunarsvæði Gönguskarðsár hafi veitt samþykki sitt fyrir endurbyggingu hennar. Það er annars vegar Sveitarfélagið Skagafjörður, sem samþykkt hefur skipulag sem felur nýja tilhögun virkjunar í sér og hins vegar eigendur jarðarinnar Skarðs. Eigandi Tungu hefur lýst yfir áhuga á mögulegri nýtingu árinna fyrir sínu landi í framtíðinni og verði fiskrækt ofan á eru eigendur Gönguskarðsárvirkjunar tilbúnir í samstarf um að skapa aðstöðu og gera gildru til að koma fiskum upp fyrir stíflu, eins og nefnt var í úttekt Laxfiska ehf. á seiðum og umfjöllun um mögulega fiskrækt í ánni samhliða virkjunarrekstri.

Með tryggingu lágmarksrennslis í farveginn neðan stíflu verða þar áfram búsvæði fyrir seiði laxfiska þó þau kunni að skerðast að flatarmáli við minnkun rennslis á 2 km löngum kafla árinna. Ekki verði séð að það sé hlutverk framkvæmdaraðila virkjunar að kanna til hlítar aðstæður og möguleika til nýtingar ofar í ánni frekar en þegar hefur verið gert, þegar óljóst er um fyrirætlanir í þá veru og ekki hafa verið tekin nein skref í undirbúningi slíkrar nýtingar.

Í umsögn Minjastofnunar kemur fram að merkja þurfi tóftir neðan stíflu og í nágrenni ár til að koma í veg fyrir rask þeirra af vangá á meðan framkvæmdum stendur.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að óskað verði eftir samstarfi við minjavörð Norðurlands vestra áður en framkvæmdir hefjast varðandi merkingar á tóftum næst fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji að helstu umhverfisáhrif framkvæmdar verði vegna lagningar aðrennslispípu en með vönduðum frágangi verði hægt að draga verulega úr sjónrænum áhrifum. Umhverfisstofnun bendir í því samhengi á frágang pípuleiðar á Fjarðarheiði sem að álitni stofnunarinnar hefur heppnast nokkuð vel.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að gengið verði frá svæðinu þar sem pípan verður grafin niður þannig að það falli að umhverfinu í kring. Haft hefur verið samband við framkvæmdaraðila Fjarðarárvirkjunar og mun hann fara yfir með framkvæmdaraðilum Gönguskarðsárvirkjunar hvernig staðið var að framkvæmdum í því verki. Leitast verður við að hafa frágang sambærilegan, eins og aðstæður leyfa.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða endurbyggingu Gönguskarðsárvirkjunar við Sauðárkrók. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3.22 í 1. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði á vatnalíf vegna minnkaðs rennslis í Gönguskarðsá neðan stíflu og sjónræns eðlis vegna lagningar aðrennslispípu.

Gönguskarðsáin er ekki talin mjög lífrík neðan virkjunar en bleikja er nokkuð útbreidd um svæðið. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdar á laxfiska verði óveruleg. Miðað við núverandi ástand eru ekki miklir veiðihagsmunir í ánni. Ljóst má vera að minnkað rennsli mun hafa neikvæð áhrif lífríki árinna og skerða búsvæði fyrir seiði laxfiska og mögulega draga úr möguleikum á uppbyggingu fiskistofna og nýtingu veiðihlunninda í ánni. . Skipulagsstofnun leggur áherslu á að ávallt verði tryggt rennsli í Gönguskarðsá frá stíflu að

stöðvarhúsi líkt og framkvæmdaraðili áformar svo fiskur og straumönd sem þrífast í ánni verði fyrir sem minnstum áhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og landslag verði einkum á framkvæmdatíma en ekki varanleg því nota á svarðlag við frágang á yfirborði þegar fyllt hefur verið í skurðinn að framkvæmdum loknum. Skipulagsstofnun telur því að ummerki eftir framkvæmdina verði lítil þegar frá líður og áhrif á gróður og landslag verði óveruleg, með tilliti til þess að umfang og viðkvæmni framkvæmdasvæðisins er lítil og áhrifin að mestu afturkræf.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á menningarmínjar verði óveruleg en tekur undir álit Minjastofnunar Íslands um að merkja þurfi tóftir neðan stíflu og í nágrenni ár til að koma í veg fyrir rask þeirra af vangá á meðan framkvæmdum stendur.

Skipulagsstofnun telur að áhrif á dýralíf svæðisins verði óveruleg en þó megi gera ráð fyrir áhrifum á mófugla á framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur að neikvæð áhrif á landnotkun verði óveruleg þar sem framkvæmdin hindri ekki landbúnað og útivist.

Skipulagsstofnun telur hættu af flóðum vegna stíflu rofs vera óverulega þar sem um rennslisvirkjun er að ræða og farvegur neðan stíflu er vel afmarkaður og engin byggð er nærri farvegnum.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Verkís hf. fyrir hönd Gönguskarðsárvirkjunar ehf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Verkís vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að Gönguskarðsárvirkjun (1,8 MW) við Sauðárkrók sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Skagafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012, leyfi Orkustofnunar skv. 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003 og heimild Fiskistofu í samræmi við 33. grein laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir deiliskipulag af framkvæmdasvæðinu.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Gönguskarðsá ehf. og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins og vöktun á aðgerðum og áhrifum þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Skipulagsstofnun vekur athygli á því að efnistaka er háð framkvæmdaleyfi sveitarfélags samkvæmt skipulagslögum og starfsleyfi Umhverfisstofnunar eða viðkomandi heilbrigðiseftirlits.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 6. júlí 2015.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson